



## Gjaldskrá Sveitarfélagsins Stykkishólms um stuðningsþjónustu

### 1. gr.

#### Gjald samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu

Greitt er fyrir mánaðargjald fyrir þjónustu kr. 2.300.

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili og sambærilegrar stuðningsþjónustu er kr. 3.850. Þjónusta í formi þrifa og annarra gjalda, sem er umfram kr. 26.000 á mánuði, á hvert heimili, er endurgjaldslaus.

Gjald fyrir þvott:

1. Per flík kr. 260.
2. Handklæði 525.
3. Sængurverasett kr. 1.050.

Gjald fyrir akstursþjónustu aldraðra kr. 550.

Fæðisgjald:

1. Hádegismatur fyrir 67 ára og eldri kr. 1.250
2. Aðrir gestir kr. 2.800
3. Síðdegishresing kr. 450
4. Akstur með hádegismat kr. 250.

### 2. gr.

#### Undanþága frá greiðslu/lækkun greiðslu.

Undanþegnir gjaldskyldu fyrir þrif eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

### 3. gr.

#### Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og 4. mgr. 26. gr. og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2025.

Stykkishólmur 18. desember 2024.

  
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri